

## **Hyundai Connected Mobility GmbH**

### **Persónuverndaryfirlýsing**

Í gildi frá 15. júlí 2024.

Hægt er að nálgast og sækja aðrar tungumálaútgáfur fyrir þessa persónuverndartilkynningu á: [<https://www.hyundai.com/eu/bluelink-privacy-notice>]  
Other language versions of this Privacy Notice can be accessed and downloaded from:  
[<https://www.hyundai.com/eu/bluelink-privacy-notice>]

#### **Listi yfir breytingar**

- Við höfum eytt upplýsingum um stöðu ökutækis úr flokkum persónuupplýsinga sem unnið er með í OTA-uppfærslum ökutækjakerfis í hluta [4.3.5.1](#) þar sem ekki er lengur unnið með þessar persónuupplýsingar.

#### **1. Um hvað fjallar þessi persónuverndaryfirlýsing?**

Í þessari persónuverndaryfirlýsingu („Persónuverndaryfirlýsing“) greinum við frá söfnun og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við afhendingu á Bluelink-þjónustu Hyundai („þjónusta“) í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins (það er stjórneining bílsins) og Hyundai Bluelink-forritinu („Forrit“) til þín.

Við tökum friðhelgi þína mjög alvarlega og vinnum aðeins úr persónuupplýsingum þínum í samræmi við viðeigandi gagnaverndar- og persónuverndarlög.

Hvers kyns vinnsla á persónuupplýsingum þínum vegna skráningar viðkomandi reiknings (þ.m.t. persónuupplýsingum eins og nafni þínu, netfangi þínu, fæðingardegi þínum og -ári og snjallsímanúmeri þínu) fellur undir sérstaka persónuverndaryfirlýsingu.

#### **2. Hver ber ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinganna minna?**

Sá sem veitir þjónustuna og ber ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga þinna eins og greint er frá í þessari persónuverndartilkynningu er Hyundai Connected Mobility GmbH, með skráða skrifstofu í Kaiserleipromenade 5, 63067 Offenbach, Þýskalandi („Hyundai“).

Hér verður vísað til Hyundai sem „við“, „okkur“ eða „okkar“.

Við kunnum að nota persónuupplýsingar þínar í þeim tilgangi sem lýst er hér að neðan.

Með tilliti til tiltekinnar þjónustu eins og greint er frá í hluta [6](#), munum við starfa sem sameiginlegur ábyrgðaraðili ásamt tengdum félögum Hyundai-samsteypunnar og/eða viðurkenndum dreifingaraðila Hyundai í því landi þar sem kaup fóru fram.

Hægt er að nálagast fullt nafn og samskiptaupplýsingar viðkomandi sameiginlegra ábyrgðaraðila í hluta [14](#).

Við og sameiginlegur ábyrgðaraðili gerum með okkur samning um vinnslu persónuupplýsinga.

Sé þess óskað munum við veita þér upplýsingar um kjarna slíks samnings.

#### **3. Hvernig get ég haft samband við ábyrgðaraðila gagna og gagnaverndarfulltrúann?**

- 3.1. Ef þú ert með einhverjar spurningar um eða í tengslum við þessa persónuverndaryfirlýsingu eða réttindi þín geturðu haft samband við þjónustuver

Hyundai í síma +49 69271472377.

Einnig er hægt að hafa samband við Hyundai með tölvupósti á bluelink@hyundai-europe.com.

3.2. Þú getur einnig haft samband við gagnaverndarfulltrúa okkar með því að senda á netfangið HCM.dataprotection@hyundai-europe.com eða með því að skrifa til:  
Hyundai Connected Mobility GmbH  
c/o Data Protection Officer  
Kaiserleipromenade 5  
63067 Offenbach, Þýskalandi

4. **Úr hvaða flokkum persónuupplýsinga er unnið, í hvaða tilgangi og á hvaða lagagrundvelli?**

4.1. **Vinnsla okkar á persónuupplýsingum þínum**

4.1.1. **Afhending á Bluelink-þjónustu**

Við söfnum og vinnum úr persónuupplýsingum þínum einungis að því marki sem söfnunin og úrvinnslan er:

- nauðsynleg vegna fullnustu eða framkvæmdar Bluelink-samningsins (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar),
- til að uppfylla lagaskyldu (c-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar),
- byggð á samþykki (a-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar), eða
- nauðsynleg vegna lögmætra hagsmunu okkar eða þriðju aðila (f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

Frekari upplýsingar um einstaka þjónustu má finna í viðkomandi þjónustulýsingu í „Notkunarskilmálar – Bluelink-forrit“ fyrir Bluelink.

Öllum (persónu)upplýsingunum sem lýst er í hlutum [4.2](#), [4.3](#), [4.4](#), [4.5](#) og undirhlutum þeirra hér á eftir er safnað beint úr bílnum þínum (t.d. skynjurum hans og tengdum forritum sem veittur er aðgangur að gegnum upplýsinga- og afþreyingarkerfið), eða þú veittir aðgang að þeim gegnum forritið (t.d. með því að slá inn tilteknar persónuupplýsingar í forritinu) og unnið er úr þeim í tengslum við þjónustuna.

Gögnin sem lýst er í hlutum [4.2](#), [4.3](#), [4.4](#) og [4.5](#) og undirhlutum þeirra hér á eftir eru nauðsynleg til að veita þjónustuna. Án viðkomandi upplýsinga er ekki hægt að veita þjónustuna.

4.1.2. **Vinnsla í öðrum tilgangi**

Auk þess að veita þér þjónustu vinnum við einnig úr persónuupplýsingum í öðrum tilgangi eins og lýst er hér að neðan.

- **Endurbætur/þróun á vörum:** Við greinum þjónustuna og bætum hana enn frekar til að þroa nýjar samgöngulausnir og samgöngutengdar vörur og/eða þjónustu, til að vernda vörur okkar og/eða til að bæta þjónustu okkar.
- Í þessum tilgangi greinum við sjálfkrafa gögnin sem safnað er þegar þjónusta er veitt á grundvelli tölfræði- og reiknilíkana til að greina möguleika á úrbótum. Frekari upplýsingar eru í hluta [4.5](#).
- Lagagrundvöllur fyrir slíkri vinnslu er f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar (lögmætir hagsmunir Hyundai og dreifingaraðila til að vinna

úr persónuupplýsingum þínum til að þroa og bæta þjónustu okkar).

- **Eftirlit með vörum / skaðsemisábyrgð:** Í þessu samhengi vinnum við úr persónuupplýsingum þínum til að hafa eftirlit með vörum okkar, útvega fullnægjandi öryggisstaðla fyrir upplýsingatækni eða til að verja okkur eða þriðju aðila gegn skaðsemisábyrgð og öðrum dómsmálum sem höfðuð eru í tengslum við vörur okkar og þjónustu.
- Svo fremi sem slík vinnsla er ekki þegar nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu (c-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar) er lagagrundvöllur slíkrar vinnslu f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar (lögmætir hagsmunir Hyundai og dreifingaraðilans til að vinna úr persónuupplýsingum þínum í ofangreindum tilgangi).
- **Annar tilgangur:** Við vinnum einungis úr persónuupplýsingum þínum í öðrum tilgangi ef okkur ber skylda til þess til að uppfylla lagaskyldu (c-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar, til dæmis til að miðla þeim til dómstóla eða saksóknara, til að bjóða upp á tiltekna virkni í bílum eins og neyðarnúmeraþjónustuna „**eCall**“, á grundvelli reglugerðar (ESB) 2015/758), ef þú hefur gefið samþykki þitt fyrir viðkomandi vinnslu (a-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar) eða ef vinnslan er með öðrum hætti lögmæt samkvæmt gildandi lögum.
- Ef unnið er úr upplýsingunum í öðrum tilgangi veitir Hyundai og/eða dreifingaraðili þér viðbótarupplýsingar, ef við á.

#### 4.1.3. Engin sjálfvirk ákvarðanataka

Hvorki Hyundai né dreifingaraðili tekur þátt í sjálfvirkri ákvarðanatöku, þ.m.t. gerð persónusniðs, í tengslum við þjónustuna nema þér hafi verið tilkynnt sérstaklega um annað með öðrum hætti.

#### 4.2. Hyundai-reikningur

Hyundai-reikningur er nauðsynlegur til skráningar á ýmiss konar þjónustu (veitt af okkur eða þriðju samstarfsaðilum).

Undirliggjandi vinnsla á persónuupplýsingum er nauðsynleg til að gera og framkvæma samning við okkur (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar) og til þess að bæta þjónustu okkar við viðskiptavini á grundvelli viðkomandi lögmætra hagsmuna okkar með því að veita þér miðlægan notendareikning (f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

Hyundai-reikningurinn er miðlægur notendareikningur þar sem þú getur haft umsjón með persónulegum aðalgögnum þínum og þú getur notað sem Staka innskráningu fyrir tengda þjónustu þína.

Nauðsynlegt er að stofna Hyundai-reikning til að nota Bluelink-þjónustu okkar en einnig geturðu skráð þig inn með núverandi Hyundai-reikningi.

Í sííku tilviki er Bluelink-þjónustan tengd Hyundai-reikningi þínum og persónulegum aðalgögnum (netfangi þínu og farsímanúmeri, ávarpi, for- og eftirnafni, landi og því tungumáli sem þú vilt nota) birt.

Frekari upplýsingar má finna í sérstakri persónuverndartilkynningu fyrir Hyundai-reikninginn sem aðgengileg er hér: [https://eu-account.hyundai.com/auth/resources/o5704/login/hundai-id/legal\\_en.html](https://eu-account.hyundai.com/auth/resources/o5704/login/hundai-id/legal_en.html)

#### 4.3. Afhending á Bluelink-þjónustu - upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins

#### 4.3.1.

#### Hyundai Live

Hyundai Live gerir þér kleift að nota eftirfarandi eiginleika:

- Umferð í rauntíma: Umferðarupplýsingar í rauntíma fyrir útreikning leiða, m.a. nákvæman komutíma, og upplýsingar um umferðarskilyrði miðað við staðsetningu hverju sinni
- Bílastæðaframboð: Bílastæði við götur og annars staðar, nálægt núverandi stað, nálægt áfangastað, nálægt kennileiti
- Eldsneytisstöðvar í rauntíma: Upplýsingar um nálægar eldsneytisstöðvar og eldsneytisverð miðað við staðsetningu hverju sinni
- Áhugaverðir staðir fyrir rafbíla (*aðeins fyrir rafbíla og tengiltvinnbíla*): Upplýsingar um nálægar hleðslustöðvar, þ.m.t. um framboð og hleðslubúnað, miðað við staðsetningu hverju sinni
- Veður: Staðbundnar veðurupplýsingar miðað við staðsetningu hverju sinni
- Þjónusta Hyundai: Upplýsingar um nálæga umboðs- eða þjónustuaðila Hyundai miðað við staðsetningu hverju sinni
- Áhugaverðir staðir í rauntíma og textaleit í rauntíma: Upplýsingar um nálæga áhugaverða staði miðað við staðsetningu hverju sinni, þar á meðal teiknibólur með lögóum og kynningarleitir með tilboðum sem gera þér kleift að njóta tilboða þriðju þjónustuaðila innan ýmissa flokka áhugaverðra staða
- Upplýsingar um myndavélar/hættusvæði (*ef slíkt er heimilt að lögum í bínu /landi*): Kerfið birtir viðvaranir á svæðum þar sem slys eru algeng og varar þig við hættusvæðum eða hraðamyndavélum
- Íþróttir: Upplýsingar um úrslit nýlegra íþróttaviðburða

Til að geta veitt þér þjónustu Hyundai Live Services þarf að safna og vinna úr verksmiðjunúmeri ökutækis, landfræðilegum gögnum (t.d. GPS-hnitum fyrir „umferðarupplýsingar í rauntíma“), ICCID-númeri SIM-kortsins í bílnum og einkvæmu beiðnarkenni fyrir allar færslur.

Að því er varðar áhugaverða staði í beinni sem innihalda auglýsingar frá þiðju aðilun gæti þurft að flytja eftirfarandi gögn til þjónustuaðila okkar (4.screen GmbH, Sailerstraße 17, 80809 Munich, Þýskalandi) til þess að veita þér viðeigandi upplýsingar samkvæmt beiðni: áætlað leitarsvæði, leitarorð, leitarflokk áhugaverðra staða, auðkenni tækis, áætluð staðsetning tækisins, tungumál og kynslóð skjásins, vörumerki bíls, vélartegund (t.d. rafbíll eða bensín), ökutækisflokkur (t.d. lítill, jeppi), framleiðsluár bíls og land bíls.

Enn fremur er einkvæmt tilboðsauðkenni búið til ef viðeigandi upplýsingar og tilboð eru sýnd þér. Þetta tilboðskenni er einnig flutt til þjónustuveitanda okkar ásamt gerð atviks (t.d. sýnt, smellt á, leiðsögn hafin), gerð skjás (t.d. skjár í bíl, forrit) og tímastimpli tilboðsins þegar það var notað til staðfestingar við útgáfu reiknings.

Auk þess vinnum við úr auðkenni notandalýsingar þinnar, t.d. netfanginu bínu, ef tilboð og upplýsingar úr bílnum eru sendar beint í Bluelink-forritið sem vöktunartilkynningar.

Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### 4.3.2.

#### **Raddstýring**

Raddstýring gerir þér kleift að nota raddskipanir til að fá aðgang að og stjórna upplýsinga- og afþreyingarkerfinu og lesa upp og senda textaskilaboð með tengdu fartæki.

Fyrir þessa virkni er unnið úr eftirtöldum flokkum persónuupplýsinga og þær sendar í Bluelink-skýjaumhverfið okkar: Raddupptaka, landfræðileg gögn (GPS-hnit), áhugaverðir staðir og Cerence-notandakenni.

Þetta er einkvæmt auðkenni fyrir skráningu á netþjón Cerence GmbH, Aachen, Germany, gagnavinnsluaðila okkar fyrir þessa tilteknu þjónustu.

Engin tengsl eru á milli Cerence-notandakennnisins og verksmiðjunúmers bílsins eða annarra auðkenna sem þýðir að Cerence GmbH, Netherlands getur ekki borið kennsl á einstakling út frá þeim gögnum sem það tekur við.

Þegar þú gangsetur bílinn virkast raddstýring sem forstilling í nettengdri stillingu bílsins. Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

Við notkun á nettengdri raddstýringu vinnum við úr persónuupplýsingum þínum í Bluelink-skýjaumhverfinu okkar.

Auk þess söfnum við raddsýnishornum og GPS-hnitum og vistum þau í allt að 90 daga til að bjóða upp á og bæta raddstýringarþjónustuna.

Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar) og til þess að bæta þjónustu okkar á grundvelli viðkomandi lögmætra hagsmuna okkar (f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

Við notkun á nettengdri raddstýringu vinnur þjónustuveitandi okkar, Cerence GmbH, Aachen, Germany (vinnsluaðili gagna), og undirvinnsluaðilar hans, sem kunna að vera staðsettir í löndum utan ESB/EES og kunna því ekki að veita að viðeigandi gagnavernd, úr raddsýnishornunum og GPS-hnitunum.

Þú getur slökkt á nettengdu raddstýringunni og notað raddstýringarþjónustuna í stillingu án nettengingar þar sem engin gögn eru send úr bílum þínum.

Ef þú samþykkir ekki að við vinnum úr raddsýnishornunum þínum og GPS-hnitum geturðu notað raddstýringu án nettengingar, sem notar ekki raddsýnishorn og GPS-hnit til að bæta raddstýringarþjónustuna. Sé þess óskað er hægt að slökkva algjörlega á raddgreiningunni, bæði nettengri og án nettengingar. Í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins má sjá þær stillingar og valkost sem um ræðir hverju sinni.

#### 4.3.3.

#### **Bilanagreining bíls**

Bilanagreining bílsins safnar saman virkum bilanakóðum (þ.e. villuboðum bílsins) úr öllum stjórntölvueiningum sem eru innbyggðar í bílinn ásamt verksmiðjunúmeri.

Virku bilanakóðarnir og verksmiðjunúmer bílsins verða send á netþjóninn okkar til frekari greiningar.

Í hlutanum fyrir bilanagreiningu bíls í upplýsinga- og afþreyingarkerfinu geturðu séð alla virka bilanakóða fyrir bílinn.

Við notum þessi gögn til að veita þér upplýsingar um hvort einhver vandamál séu með bílinn.

Við vinnum úr persónuupplýsingum fyrir bilanagreiningu bíls til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

Að því marki sem okkur ber skylda til þess samkvæmt lögum munum við vinna úr áðurnefndum persónuupplýsingum til að hafa eftirlit með vörunum og til að uppfylla kröfur um öryggi vöru (c-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

Upplýsingar um úrvinnslu áðurnefndra gagna til þess að bæta og þráa vörur má einnig finna í hluta [4.5](#) hér að neðan.

#### 4.3.4.

#### Tengt leiðaval

Með tengdu leiðavali fást nákvæmari útreikningar á umferðarspá, nákvæmari komutímar og áreiðanlegri endurútreikningur leiða með því að vinna úr viðkomandi gögnum í Bluelink-skýjaumhverfinu en ekki bara í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins.

Fyrir þessa virkni er unnið úr eftirtöldum flokkum persónuupplýsinga og þær sendar í Bluelink-skýjaumhverfið okkar: Verksmiðjunúmer ökutækis, landfræðileg gögn (GPS-hnit) og leiðsagnargögn (t.d. rauntímaumferð og umferðarupplýsingamynstur).

Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### 4.3.4.1.

#### Ánægja með leiðaval

Í gegnum upplýsinga- og afþreyingarkerfið gætum við beðið þig um að senda inn athugasemdir þínar til að mæla ánægju þína með leiðsögn okkar og staðsetningarupplýsingar.

Fyrir þessa aðgerð vinnum við úr sömu flokkum persónuupplýsinga og í 4.3.1. sem og ánægjustig þitt.

Lagagrundvöllur fyrir slíkri vinnslu er f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar (lögmætir hagsmunir Hyundai til að bæta þjónustu okkar).

#### 4.3.5.

#### OTA-uppfærsla

OTA-uppfærslur gera þér kleift að taka á móti þráðlausum („over-the-air“) hugbúnaðaruppfærslum („OTA uppfærslur“) fyrir ökutækiskerfið sem og korta- og upplýsinga- og afþreyingarkerfið.

Upplýsinga- og afþreyingarkerfið þitt mun reglulega athuga hvort nýjar hugbúnaðarútgáfur séu tiltækar og hlaða niður öllum tiltækum hugbúnaðaruppfærslum sjálfkrafa í ökutækið þitt og undirbúa viðkomandi uppsetningu.

Þú getur valið hvort þú vilt klára OTA-uppfærsluna núna eða síðar.

Þú getur slökkt á þessum eiginleika með því að slökkva á rofanum í Bluelink appinu („Meira“ -> „þjónustulist“).

Að öðrum kosti geturðu slökkt á Bluelink-tengingu í gegnum upplýsinga- og afþreyingarkerfið í ökutækinu þínu („Stillingar“ -> „Bluelink“ -> „Slökkva á Bluelink“). Hins vegar, ef þú slekkur á OTA-uppfærslum, gæti ökutækið þitt eða veitt þjónusta (svo sem öryggistengd kerfi, upplýsinga- og afþreyingarkerfi, Bluelink) ekki virkað sem skyldi.

#### 4.3.5.1.

#### OTA-uppfærsla á ökutækiskerfi

Við kunnum að veita þér OTA-uppfærslur varðandi ökutækiskerfið af ýmsum ástæðum og tilgangi, einkum til að bæta úr galla innan ábyrgðartímans, innan umfangs ábyrgðar framleiðanda eða af öðrum öryggistengum ástæðum.

Með þessu tryggjum við einnig skilvirka dreifingu og eftirlit með OTA-uppfærslum fyrir ökutækiskerfið.

Í þessu skyni eru eftirfarandi flokkar persónuupplýsinga unnir og sendir í Bluelink-skýjaumhverfið okkar: Verksmiðjunúmer ökutækis (VIN), notkunarsaga (OTA-uppfærsla), greiningarupplýsingar (villukóðar, OTA-niðurstaða, niðurstaða hugbúnaðarendurheimtar) og upplýsingar um hugbúnaðarútgáfu (rafræn stýrieining).

Við vinnum persónuupplýsingar þínar í því skyni að uppfylla lagalegar skyldur framleiðanda ökutækis (c-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar) (t.d. er varðar öryggiskröfur fyrir vöruna)) og til að framkvæma þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar) og byggt á lögmætum hagsmunum okkar til að hafa umsjón með OTA-uppfærsluferlum okkar á skilvirkan máta (f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### **4.3.5.2. OTA-uppfærsla á kortum og upplýsinga- og afþreyingarkerfinu**

OTA-uppfærslur korta og upplýsinga- og afþreyingarkerfis gera þér kleift að fá nýjustu uppfærslur á kortum og upplýsinga- og afþreyingarhugbúnaði fyrir ökutækið þitt.

Fyrir þessa virkni er unnið úr eftirtöldum flokkum persónuupplýsinga og þær sendar í Bluelink-skýjaumhverfið okkar: verksmiðjunúmer ökutækisins, framleiðandi stjórneiningar, gerð stjórneiningar, fastbúnaðarútgáfa stjórneiningar, kerfisútgáfa stjórneiningar, farsímafyrtæki, gerðarheiti ökutækis, árgerð ökutækis, svæði ökutækis og valið tungumál þitt.

Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### **4.3.6. Tilkynningamiðstöð**

Við getum sent þér mikilvægar upplýsingar um bílinn í gegnum tilkynningamiðstöðina.

Við munum aðeins nota þessa þjónustu fyrir mikilvægar upplýsingar. Upplýsingarnar birtast sem sprettiluggi í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins.

Fyrir þessa virkni er unnið úr eftirtöldum flokkum persónuupplýsinga: staða lesturs, tími lesturs.

Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### **4.3.7. Dagatal**

Með dagatalinu getur þú samstillað Google- eða Apple-dagatalið í snjallsímanum þínum við innbyggða dagatalseiginleikann í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins svo þú getir notað það til að stilla áfangastað í leiðsögukerfinu.

Fyrir þessa virkni er unnið úr eftirtöldum flokkum persónuupplýsinga og þær sendar í Bluelink-skýjaumhverfið okkar: netfang, kenni dagatals, símanúmer, Google-lykill/iCloud-aðgangsorð og dagbókarfærslur (t.d. heiti áætlunar, dagsetning/tími, heimilisfang, minnismiði, mæting o.s.frv.).

Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### **4.3.8. Líkar við eiginleikinn**

Líkar við eiginleikinn fyrir USB og Bluetooth tónlist og útvarp gerir þér kleift að velja og búa til lagalista með eftirlætis lagi þínu.

Þú getur líkað við eða ekki líkað við lag með þumlinum upp eða þumlinum niður hnappinum sem innbyggður er í tónlistaraðgerð upplýsinga- og afþreyingarkerfisins. Unnið er úr eftirfarandi flokkum persónuupplýsinga fyrir þessa aðgerð: Upprunategund (USB tónlist, útvarp, BT tónlist), heiti lagsins, listamaður og plata, upplýsingar um að líka við/ekki líka við, staðsetningarupplýsingar (GPS), hitastig, hraði ökutækis, veður (miðað við núverandi staðsetningu) og upplýsingar um tíma.

Við vinnum úr persónuupplýsingum þínum til að inna af hendi þjónustu okkar ((b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar) og í þeim lögmætum tilgangi okkar að veita þjónustuna ((f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar)).

#### 4.3.9.

#### **Straumspilun tónlistar**

Með straumspilunareiginleika tónlistar geturðu streymt tónlist í bílum þínum beint frá ákveðinni streymisþjónustu í gegnum upplýsinga- og afþreyingarkerfið. Til að nota þennan eiginleika muntu þurfa gilda áskrift að viðkomandi streymisþjónustu tónlistar og símann þinn með Bluelink appið uppsett fyrir virkjunarferlið.

Til að tengja reikninginn þinn við streymisþjónustu tónlistar sem þú valdir eru innskráningarskilríkin þín fyrst unnin af streymisverkvangi tónlistar og síðan flutt til okkar dulritaðar áður en þau eru geymd í Bluelink skýjaumhverfinu okkar.

Upplýsingar um hvaða tónlistarefni þú leitar að og velur eru fluttar úr farartækinu í Bluelink skýjaumhverfið okkar. Beiðni er síðan send til viðkomandi streymisverkvang tónlistar, sem veitir síðan tónlistarefnið beint í farartækið. Nýlega spilað tónlistarefni er tímabundið vistað í kerfi ökutækisins.

Í þessum tilgangi er unnið úr eftirfarandi persónuupplýsingum: notendavottunargögn (t.d. dulrituð innskráningarskilríki fyrir reikning streymisverkvangs, auðkenni tækis, notandaauðkenni), þjónustuupplýsingar (þjónustuheimildarkóði, áskriftarstaða, innskráningargögn, þjónustuauðkenni, lotuaðkenni), upplýsingar um ökutæki (VIN eða auðkenni ökutækis, vélargerð, söluland, tegundarheiti, árgerð, verkvangur skjás, gerð skjás) auk upplýsinga um umbeðið tónlistarefni (t.d. einstakt auðkenni, tegund, nafn, titil, flyttjanda, nafn albúms, tegund, lengd, dagsetning efnisins, vefslóðir).

Reikningur streymisverkvangs sem geymdur er í ökutækinu er tengdur einstökum notandaprófil þínum í ökutækinu. Ef notandaprófílnum þínum er eytt mun reikningur streymisverkvangs sjálfkrafa aftengjast ökutækinu.

Við vinnum úr persónuupplýsingum í þeim tilgangi að inna af hendi þjónustu okkar (blíður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### 4.4.

#### **Afhending á Bluelink-þjónustu - forrit**

##### 4.4.1.

##### **Fjartengd þjónusta**

Í forritinu bjóðum við upp á eftirfarandi fjartengda þjónustu. Hún verður virkuð sem forstilling ef hver þjónusta er ekki gerð óvirk eða þær allar í einu:

- a) Fjarstýrð læsing/opnun (þú getur læst og opnað hurðir bílsins; *allir Hyundai-bílar*)
- b) Fjarhleðsla (þú getur virkjað hleðsluaðgerð rafhlöðunnar með fjarstýringu; *aðeins sumir Hyundai-bílar*)
- c) Fjarstýring flautu og ljósa (þú getur virkjað með fjarstýringu bæði ljós og flautu bílsins; *aðeins sumir Hyundai-bílar*)
- d) Fjarstýrt ljós (þú getur blikkað ljós bílsins með fjarstýringu; *aðeins sumir Hyundai-bílar*)
- e) Fjarhleðsla (þú getur virkjað hleðsluaðgerð rafhlöðunnar með fjarstýringu; *allir raf- og tengiltvinnbílar frá Hyundai*)
- f) Áætluð hleðsla (þú getur stillt hleðsluáætlun rafhlöðunnar með fjarstýringu (*allir raf- og tengiltvinnbílar frá Hyundai*), þ.m.t. markhitastig við hleðslu; *allir Hyundai-rafbílar*)
- g) Fjarstýrð hita- og loftstýring (þú getur stillt hitastig og kveikt á loftkælingunni með fjarstýringu; *allir Hyundai-rafbílar*)

- h) Fjarstýrð opnum og lokun hleðsluhurðar (þú getur opnað og lokað hleðsluhurð bílsins með fjarstýringu, *ekki í boði fyrir suma Hyundai rafbíla, ekki fyrir Hyundai PHEV-bíla*)
- i) Fjarstýring á hættuljósum / hliðarljósum (þú getur slökkt á ljósunum í appinu þegar bíllinn er skilinn eftir með kveikt á hættuljósum og/eða hliðarljósum, *aðeins fyrir suma Hyundai bíla*)
- j) Fjarstýrð rafhlöðuhæfing ((þú getur fínstilt hitastig rafhlöðunnar til að bæta hleðslugetu ökutækisins; *aðeins fyrir suma Hyundai-rafbíla*)
- k) Brottfarartími (þú getur virkjað áætlað hitastig með því að stilla brottfararáætlun; *aðeins fyrir suma Hyundai-rafbíla*)
- l) Hleðslustraumur (þú getur stillt strauminn sem kemur frá hægfara hleðslutækinu; *aðeins fyrir suma Hyundai-rafbíla*)
- m) Finna bíllinn minn (þú getur staðsett bílastæði Hyundai-bíls á innbyggðu korti; *allir Hyundai-bílar*)
- n) Senda í bíl (þú getur leitað á netinu að áhugaverðum stöðum og upplýsingum um heimilisfang til að senda leitarniðurstöður úr snjallsímaforritinu í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins)
- o) Kennileiti í bílnum (samstillir vistaða áhugaverða staði á milli upplýsinga- og afþreyingarkerfisins og forritsins; *allir Hyundai-bílar*)
- p) Leiðsögn á leiðarenda (sendir núverandi staðsetningu bílsins og upplýsingar um áfangastað (t.d. heiti, heimilisfang, landfræðilegar upplýsingar) í snjallsímann til að vísa þér veginn frá bílastæðinu að áfangastaðnum með Google-kortum; *öll Hyundai ökutæki*)
- q) Fyrstu mílu leiðsögn (sendir núverandi staðsetningu bílsins í snjallsíma til leiðsagnar á áfangastað (t.d. heiti, heimilisfang, landfræðilegar upplýsingar) í bíllinn með Google-kortum; *öll Hyundai ökutæki*)
- r) Bílastæðaþjónustustilling (verndar upplýsingarnar þínar í upplýsinga- og afþreyingarkerfinu með því að sýna aðeins bílastæðaþjónustuskjáinn í upplýsinga- og afþreyingarkerfinu nema þú sláir inn aðgangsorðið sem þú hefur valið; sendir upplýsingar um hvort kveikt eða slökkt sé á bílastæðaþjónustustillingunni, núverandi staðsetningu bílsins (GPS-hnit), upphafs- og lokatíma bílastæðaþjónustustillingarinnar, keyrslu/kílómetrastöðu/vélargangtíma bílastæðaþjónustustillingarinnar, hámarkshraða bílsins, keyrsluvegalengd bílsins og lausagang vélar í snjallsímann; *allir Hyundai-bílar*)
- s) Hleðsla rafhlöðu (sýnir þér hleðslustöðu rafhlöðu rafmótorsins; *allir raf- og tengiltvinnbílar frá Hyundai*)
- t) Vöktunartilkynningar við sérstök tilvik (forritið sendir vöktunartilkynningar í snjallsímann í sérstökum tilvikum, til dæmis ef Hyundai-bíllinn er ólæstur og þjófavörnin í bílnum fer af stað, gluggar bílsins eru opnir, viðvörun fyrir aftursæti er ræst, viðvörun um lausagang vélar er ræst, viðvörun um afhleðslu háspennurafhlöðu er ræst, staða hitastýringar, hleðslustaða, staða

hugbúnaðaruppfærslu, ef kveikt eða slökkt er á bílastæðabjónustustillingu o.s.frv.; *allir Hyundai-bílar, upplýsingarnar eru mismunandi á milli landa eða tegundir bíla*)

Þú getur slökkt á allri fjartengdri þjónustu, hverri fyrir sig.

Til að bjóða þér upp á fjartengdu þjónustuna þegar búið er að tengjast gegnum forritið verður komið á tengingu milli bílsins og Bluelink-skýjaumhverfis okkar, sem krefst vinnslu á tilteknum gögnum um bílinn, svo sem IP-tölu SIM-kortsins í bílnum, verksmiðjunúmeri og frekari gögnum sem tengjast notanda forritsins (svo sem IP-tölu tækis þíns, PIN-númeri og frekari reikningsupplýsingum notanda, svo sem notandanafni þínu)

Fjartengd þjónusta krefst þess að tilteknum gögnum um bílinn sé safnað og unnið úr þeim, m.a. aðgangsorði, verksmiðjunúmeri bílsins og landfræðilegum gögnum (t.d. GPS-hnitum fyrir „Finna bílinn minn“), ICCID-kenni SIM-korts bílsins, upplýsingum um heimilisföng og tæknilegum gögnum um bílinn (t.d. upplýsingum um stöðu bílsins svo sem hvort kveikt eða slökkt sé á svissinum, hraða bílsins, ljósastöðu, læsingarstöðu). Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### 4.4.2. **Upplýsingar um bíl í gegnum Bluelink**

Í forritinu bjóðum við upp á eftifarandi upplýsingar um bílinn:

- a) Mánaðarlega skýrsla um bílinn (veitir þér upplýsingar um notkun á Hyundai-bílum og greiningu á t.d. loftpúða, bremsum og þrýstingi í hjólbörðum o.s.frv. (sjá hluta [4.4.3](#)); *allir Hyundai-bílar*)
- b) Stöðuuppfærsla (veitir þér upplýsingar um stöðu Hyundai-bílsins hvað varðar fjarlægð þar til eldsneyti tæmist, eldsneysstöðu, hvort kveikt eða slökkt sé á vélinni, læsingu hurða, stöðu hitastýringar, hvort afturhleri sé opinn eða lokaður, hvort húddið sé opið eða lokað, hvort gluggar séu opnir eða lokaðir, hvort sóllúgan sé opin eða lokuð, stöðu dekkjaþrýstings, stöðu ljósa (*allir Hyundai-bílar*); stöðu háspennurafhlöðu, hvort kveikt eða slökkt sé á áætlaðri hleðslu, hvort hleðsluhurð sé opin eða lokuð, hitastöðu stýris, hvort kveikt eða slökkt sé á afþíðingu, hvort kveikt eða slökkt sé á hitun afturrúðu, hitun hliðarspegils (*allir raf- og tengiltvinnbílar frá Hyundai*), hvort kveikt eða slökkt sé á áætlaðri hitastýringu (*allir Hyundai rafbílar*))
- c) Ferðirnar mínar (veitir þér upplýsingar um notkun á Hyundai-bílum á dag/mánuði, m.a. aksturstíma, kílómetrastöðu, meðalhraða bílsins, hámarkshraða bílsins; *allir Hyundai-bílar*)
- d) Orkunotkun (veitir þér upplýsingar um orkunotkun á Hyundai-bílum á dag/mánuði, m.a. heildarnotkun og meðalorkunotkun, akstursvegalengd og endurheimt orku; *allir Hyundai-rafbílar*)

Til að bjóða upp á upplýsingar um bílinn þegar búið er að tengjast gegnum forritið verður komið á tengingu milli bílsins og Bluelink-skýjaumhverfis okkar sem krefst vinnslu á tilteknum gögnum um bílinn, svo sem IP-tölu SIM-kortsins í bílnum, verksmiðjunúmeri og frekari gögnum sem tengjast notanda forritsins (svo sem IP-tölu tækis þíns, PIN-númeri og frekari reikningsupplýsingum notanda, svo sem notandanafni þínu).

Til þess að hægt sé að veita upplýsingar um bílinn þarf að safna og vinna úr tilteknum gögnum um bílinn (t.d. aksturstíma, kílómetrastöðu, meðalhraða bílsins,

hámarkshraða bílsins) og tæknilegum gögnum um bílinn (t.d. gögnum um stöðu bílsins, hvort kveikt eða slökkt sé á vélinni, læsingu hurða o.s.frv. eins og nánar er greint frá hér að ofan).

Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### 4.4.3. **Samnýting bíls**

Þú getur deilt fíartengdu þjónustunni með öðrum notendum í gegnum eiginleikann „Share Car“ (biðja um að bíl sé deilt) í forritinu.

Þegar þú gerir það vinnum við úr tilteknum gögnum um bílinn og notandareikninginn, svo sem PIN-númeri, verksmiðjunúmeri, notandanafni þínu og símanúmeri hins notandans, til að afgreiða og vinna úr samnýtingarbeiðni þinni.

Upplýsingar um samnýtingarbeiðni, svo sem nafn þitt og PIN-númer, verða sendar til og unnið úr þeim í forriti hins notandans.

Hinn notandinn getur notað forritið á sama hátt og þú. Viðkomandi getur einnig notað „Finna bílinn minn“.

Við vinnum úr persónuupplýsingum þínum til að samnýta fíartengda þjónustu til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar) og í þeim lögmætum tilgangi okkar að veita þjónustuna (f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

Athugaðu að þegar þú notar þessa þjónustu muntu deila öllum persónuupplýsingum þínum, að undanskildum innskráningaráupplýsingum þínum, sem eru geymdar í forritinu með hinum notendunum.

Þú getur slökkt á þessari stillingu hvenær sem er undir „Samnýttar bílastillingar“. Þegar það er gert hættum við að deila gögnum og eyðum öllum samnýttum gögnum í forriti hins notandans.

#### 4.4.4. **Viðvörunarþjónusta**

Þegar það er virkjað í forritinu gerir viðvörunarþjónusta þér kleift að fá tilkynningar sem tengjast völdum stillingum.

Við veitum þér eftirfarandi viðvörunarþjónustu í gegnum appið:

- a) Svæðisviðvörun (gerir þér kleift að fá tilkynningar í appinu ef ökutækið þitt fer út af leyfilegu svæði eða fer inn á lokað svæði. Þú getur stillt mörk fyrir leyfileg svæði og haftasvæði í appinu)
- b) Hraðaviðvörun (gerir þér kleift að fá tilkynningar í appinu ef ökutækið þitt fer yfir hámarkshraða sem þú hefur forstillt í appinu)
- c) Tímamarkaviðvörun (gerir þér kleift að fá tilkynningar í appinu ef ökutæki þínu er ekið utan tímaglugganna sem þú hefur forstillt í appinu)
- d) Bílastæðaþjónustuviðvörun (gerir þér að fá tilkynningar í appinu ef ökutækið þitt ekur lengra en valin vegalengd, hámarkshraða og aðgerðalaus tímamörk sem þú hefur forstillt í appinu. Leyfileg ferðafjarlægð er frá þeim stað þar sem viðvörunin var virkuð)
- e) Aðgerðaleysisviðvörun (gerir þér kleift að fá tilkynningar í appinu ef ökutækinu þínu er ekið út fyrir aðgerðaleysistímann sem þú hefur forstillt í appinu)

Í þessu skyni söfnum við og vinnum úr eftirfarandi flokkum persónuupplýsinga:

Verksmiðjunúmer ökutækis (VIN), dagsetningar- og tímastimpill, GPS gögn, upplýsingar um viðvörunarstöðu (t.d. virkjunarstaða, upphafs- og lokatími viðvörunar,

aksturstími, kílómetratími, lausagangstími hreyfils, hámarkshraði, akstursvegalengd), ökutækisvísar (t.d. staðsetning, hraði, tími, nákvæmni, stefnu), valin leyfð svæði, valin takmörkuð svæði, valinn hraði, valinn tímاغluggi, valin vegalengd og valinn lausagangstími takmörk.

Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### 4.4.5. **Önnur staðsetningarþjónusta**

- a) Skoða fyrri ferðir;
- b) Senda áfangastað í bílinn fyrir ferð og bæta stað við áætlaða ferð;
- c) Finna uppáhaldsstaði og nýlega áhugaverða staði;
- d) Deila áhugaverðum stöðum.

Til að afhenda þessa fjartengdu þjónustu þarf að safna og vinna úr tilteknum gögnum um bílinn, svo sem landfræðilegri staðsetningu bílsins (GPS-hnit).

Við vinnum úr persónuupplýsingum til að veita þér aðra staðsetningarþjónustu í því skyni að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### 4.4.6. **Notandaprófíll Bluelink**

Notandaprófíll Bluelink gerir þér kleift að gera öryggisafrit af prófílnum þínum ásamt stillingum ökutækisins og nota fyrir önnur ökutæki.

Ef tveir eða fleiri ökumenn nota sama bíl en vilja hafa mismunandi stillingar (t.d. fyrir stillingu sætis, hljóð eða kortayfirlit) er hægt að vista stillingar hvers sérstaklega í allt að tveimur notandaprófílum og einum gestaprófíl í hverjum bíl.

Fyrir hvern notandaprófíl er unnið úr eftirtöldum flokkum persónuupplýsinga og þær sendar í Bluelink-skýjaumhverfið okkar: verksmiðjunúmer bílsins þíns og viðtökubílsins (ef við á), númer ökumanns, reikningsnúmer, símanúmer, notandamynd, notandagögn og símatenging, dagsetningar- og tímastillingar, almennar stillingar, hljóðstillingar, skjástillingar, raddstýringarstillingar, útvartsstillingar, stillingar bílsins, leiðsagnarstillingar og áhugaverðir staðir.

Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### 4.4.7. **Notkun á Touch ID og Face ID (iOS) eða fingrafars og andlitsgreiningar (Android)**

Þú getur notað ákveðnar aðgerðir apps okkar með Touch ID eða Face ID (iOS) eða fingrafars og andlitsgreiningar (Android) í stað PIN-númers.

Lífkennisgögn þín eru aðeins vistuð staðbundið í snjalltæki þínu og eru ekki flutt til okkar og við höfum engan aðgang að þessum gögnum.

Aðeins upplýsingar um hvort staðfesting á lífkennisgögnum hafi tekist eru fluttar í appið okkar með kerfisaðgerð snjallsíma þíns.

Þú getur slökkt á notkun Touch ID eða Face ID (iOS) eða fingrafars og andlitsgreiningar (Android) hvenær sem er í appinu.

#### 4.4.8. **Firebase Crashlytics**

Til að bæta öryggi og stöðugleika appsins og þjónustunnar, notum við greiningar á nafnlausum hrunskýrslum.

Við notum „Firebase Crashlytics í þessu tilliti, en það er þjónusta sem veitt er af Google Ireland Ltd., Google Building Gordon House, Barrow Street, Dublin 4, Írlandi.

Til að útvega okkur nafnlausar hrunkýrslur safnar Firebase Crashlytics eftirfarandi upplýsingum í þeim tilvikum þar sem forritið okkar hrynur eða bilar og það kann að vera að eftirfarandi upplýsingar verði sendar til netþjóna Google í Bandaríkjunum: ástand appsins þegar það hrundi, alþjóðlegt einkvæmt auðkenni (UUID) fyrir uppsetninguna, hrunspor, framleiðanda og stýrikerfi fartækisins og síðustu kladdaskilaboð.

Hrunkýrslurnar sem okkur eru veittar innihalda engar persónulegar upplýsingar sem nota mætti til að rekja auðkenni notanda.

Firebase Crashlytics geymir þær upplýsingar sem safnað hefur verið í 90 daga. Við vinnum úr persónuupplýsingunum í þessum tilgangi á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar til að tryggja og hámarka öryggi og stöðugleika appsins og Þjónustunnar okkar (f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

Nánari upplýsingar um Firebase Crashlytics og hvernig Google vinnur úr persónuupplýsingum þínum má finna á:

<https://firebase.google.com/>

<https://firebase.google.com/terms/crashlytics/>

<https://firebase.google.com/support/privacy/>

#### 4.4.9.

#### **Hyundai Digital Key (Stafrænn lykill Hyundai)**

Aðgerð Hyundai Digital Key gerir þér kleift að opna, læsa, ræsa og keyra ökutækið þitt með snjallsímanum þínum eða öðrum snjalltækjum án þess að þurfa að hafa fjarstýringuna á þér. Þetta gerir þér einnig kleift að deila og stjórna Hyundai Digital Keys þínum með fjölskyldu og vinum.

Í þessum tilgangi er unnið er úr eftirfarandi flokkum persónuupplýsinga til að sannvotta og úthluta stafrænum lyklum Hyundai til snjalltækjanna á réttan hátt og til að tryggja öryggi þeirrar þjónustu og kerfa sem um ræðir:

Notendaupplýsingar (svo sem notandaauðkenni, prófílnafn, netfang, símanúmer), upplýsingar um snjalltæki (svo sem auðkenni tækis, heiti tækis, gerð tækis, stýrikerfisútgáfa, útgáfa apps), upplýsingar um Hyundai Digital Key (eins og auðkenni Hyundai Digital Key, staða Hyundai Digital Key, gerð Hyundai Digital Key, aðgangsheimild/prófíll, auðkenni ökutækis, auðkenni efnislegra lykla, fjöldi samnýttra lykla); fyrir samnýtta Hyundai Digital Keys: viðbótarupplýsingar eins og upphafs- og lokadagsetning (eða ákveðinn tíma) notkunar á Hyundai Digital Key, nafn notanda samnýtts Hyundai Digital Key, prófíll notendastaðfestingar/heimildar eins og þú tilgreinir, greiningarupplýsingar (villukóðar) og stöðuupplýsingar ökutækis.

Þegar Hyundai Digital Key er notaður, þ.e. til að læsa, opna og ræsa ökutækið, fara gagnasamskipti fram á milli fartækisins og ökutækið með því að nota nándarsamskipti (NFC) eða breiðbandsvirkni (UWB). Þessi gögn eru ekki send til Hyundai eða dreifingaraðila.

Við vinnum úr persónuupplýsingum í þessum tilgangi til að inna af hendi þjónustu okkar (b-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar).

#### 4.5.

#### **Gagnagreining fyrir endurbætur og þróun á vörum**

Hyundai safnar og vinnur úr fjarvirknigögnum um afköst, notkun, starfsemi og ástand bílsins frá bílnum og/eða forritinu þínu til að bæta og þráða vörur sínar og flytur þessi gögn til Hyundai dreifingaraðila svo viðkomandi geti einnig unnið úr gögnunum í þessum tilgangi.

Gögnin sem eru notuð í þessum tilgangi takmarkast almennt við tækniupplýsingar.

Slík gögn eru notuð til að bæta og þroa til dæmis aflrásina, tvinn-/rafbíla og aðra eiginleika bíla fela m.a. í sér ABS-kerfi, stöðu ABS-kerfis, upplýsingar um stýri, handbremsu, spólvarnarkerfi, upplýsingar um mælaborð, spennu, hröðun, ástand rafgeymis, læsingu hurða með lykli, aðalljósker, stefnuljós, ljósakerfi, handfrjálst farangursgeymslukerfi, sætishæð, sóllúgu, rúðuburrku, hvort kveikt eða slökkt er á leiðsögn og svipaðar tækniupplýsingar og bilanakóða eins og getið er um í hluta [4.3.3](#). Til að tryggja aukna skilvirkni gagnagreiningarinnar kann einnig að vera að við söfnum frekari upplýsingum sem gera okkur kleift að bera kennsl á einstakling (svo sem verksmiðjunúmer, reiknings- og áskriftargögn ef það og GPS-upplýsingar ef þær eru virkar). Við munum vinna úr þessum gögnum í ofangreindum tilgangi og til að veita þér persónulegar upplýsingar um hvernig þú notar þjónustu okkar. Lagagrundvöllur vinnslu persónuupplýsinga þinna á þessum grundvelli er lögmætir hagsmunir sem felast í því að bæta þjónustuna og þroa nýjar vörur og þjónustu (f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar; t.d. til að bera kennsl á tæknilegar bilanir, greina afköst bíla eða bjóða upp á bættar vörur eða þjónustu við viðskiptavini).

- 4.6. **Vinnsla gagna í markaðslegum tilgangi fyrir sambærilegar vörur og þjónustu**  
Við kunnum að nota persónuupplýsingar þínar sem fengnar eru beint frá þér og skráningu þína í þjónustu okkar í markaðslegum tilgangi fyrir sambærilegar vörur og/eða þjónustu (t.d. til að tilkynna þér um nýja þjónustu eða aðra sambærilega Hyundai-þjónustu), nema þú hafir mótmælt slíkri notkun.

Lagastoð vinnslunnar er f-liður 1. mgr. 6. gr. GDPR-reglugerðarinnar (lögmætir hagsmunir okkar til að upplýsa þig og kynna þjónustu okkar). Þú getur andmælt slíkri notkun hvenær sem er og þér að kostnaðarlausu með því að nota tengilinn Segja upp áskrift sem fylgir öllum samskiptum eða í gegnum samskiptaupplýsingarnar í hluta [3](#).

5. **Hvað gildir um gögn annarra skráðra aðila og sölu og framsal bílsins til þriðju aðila?**

Ef þú leigir öðrum einstaklingi bílinn eða þegar gögnum annarra skráðra einstaklinga (svo sem annars ökumanns) gæti verið safnað við notkun þjónustunnar verður þú að tryggja að skráðu einstaklingarnir fái fullnægjandi upplýsingar um gagnavinnsluna eins og lýst er hér.

Þegar þú selur eða flytur ökutækið varanlega til þriðja aðila skaltu gæta þess að slökkva á þjónustunni svo að engin af persónulegum gögnum þínum sé hægt að nálgast í gegnum upplýsinga- og afþreyingarkerfið (Stillingar - Bluelink - Slökkva á Bluelink).

Ef þú slekkr ekki á Bluelink gætu gögnin áfram verið aðgengileg þriðja aðila í upplýsinga- og afþreyingarkerfinu.

Reikningsgögnunum þínum verður ekki eytt úr forritinu fyrr en þú segir upp Hyundai-reikningnum þínum.

6. **Hverjir fá aðgang að persónuupplýsingunum mínum?**

Aðgangur að persónuupplýsingum þínum hjá Hyundai er takmarkaður við einstaklinga sem þurfa á honum að halda til að uppfylla kröfur starfs síns.

Persónuupplýsingar þínar kunna að vera fluttar í viðeigandi tilgangi til viðtakenda og flokka viðtakenda sem taldir eru upp hér á eftir og eru unnar hjá þessum sömu viðtakendum í viðeigandi tilgangi:

- [Hyundai dreifingaraðilar](#) - Við munum þjóna í hlutverki sameiginlegs ábyrgðaraðila með viðurkenndum dreifingaraðila Hyundai í því landi þar sem kaup fóru fram með tilliti til eftirfarandi þjónustu: Bilinagreining ökutækis (hluti [4.3.3](#)) og endurbætur og þróun á vörum (hluti [4.5](#)) og í tengslum við eftirlit með vörum okkar og vöruábyrgð.
- Við munum vinna úr persónuupplýsingum bínum í hlutverki okkar sem tækni- og rekstraraðilar þjónustunnar og senda ákveðnar persónuupplýsingar til dreifingaraðila Hyundai.
- Dreifingaraðili Hyundai fær persónuupplýsingar bínar í til að veita þjónustu og viðhald fyrir vöruna, en einnig í vöruþróunarskyni.
- Við og dreifingaraðili Hyundai gerum með okkur samning um vinnslu persónuupplýsinga. Ef þess er óskað munum við veita þér upplýsingar um kjarna slíks samnings.
- Frekari fyrirtækjaupplýsingar um einstaka Hyundai dreifingaraðila er finna í viðaukanum.
- [Hyundai Motor Europe](#) - Við munum starfa sem sameiginlegur ábyrgðaraðili ásamt Hyundai Motor Europe GmbH sem er með skráða skrifstofu að Kaiserleipromenade 5, 63067 Offenbach, Þýskalandi varðandi uppfærslur á OTA-ökutækiskerfinu.
- Við munum vinna úr persónuupplýsingum bínum í hlutverki okkar sem tækni- og rekstraraðili þjónustunnar og senda tilteknar persónuupplýsingar til Hyundai Motor Europe.
- Hyundai Motor Europe ber ábyrgð á tengdum ákvörðunum og eftirliti með dreifingu OTA-uppfærslu fyrir ökutækiskerfið.
- Við og Hyundai Motor Europe gerum með okkur samning um vinnslu persónuupplýsinga. Ef þess er óskað munum við veita þér upplýsingar um kjarna slíks samnings.
- [Þriðju aðilar](#)- Við sendum persónuupplýsingarnar bínar til tiltekinna einkaaðila sem aðstoða okkur við að bjóða upp á þjónustuna. Við reiðum okkur til dæmis á fjarskiptaþjónustu frá fjarskiptaveitum.
- [Gagnavinnsluaðilar](#)- Við sendum persónuupplýsingar bínar til tiltekinna þriðju aðila, tengdra eða ótengdra, til vinnslu fyrir hönd Hyundai, með viðeigandi leiðbeiningum, eftir þörfum, fyrir tilgang viðkomandi vinnslu. Gagnavinnsluaðilar vinna samkvæmt samningsbundnum skyldum við að innleiða viðeigandi tæknilegar og skipulagstengdar öryggisráðstafanir til að verja persónuupplýsingar og til að vinna persónuupplýsingar bínar aðeins eftir fyrirmælum.
  - ▶ Gagnavinnsluaðili fyrir Bluelink er Hyundai Autoever Europe, Kaiserleistraße 8A, 63067 Offenbach am Main, Þýskalandi.
  - ▶ Fyrir Hyundai Live og fjartengdu þjónustuna „Finna bílinn minn“ eru vinnsluaðilar gagna: Hyundai Autoever Europe, Kaiserleistraße 8A, 63067 Offenbach am Main, Þýskalandi (t.d. fyrir hýsingu og þjónustu eða rekstur viðeigandi forrita).

- ▶ Fyrir raddstýringu eru vinnsluaðilar gagna: Cerence GmbH, Jülicher Straße 376, 52070 Aachen, Germany; Hyundai Autoever Europe, Kaiserleistraße 8A, 63067 Offenbach am Main, Germany (t.d. fyrir þjónustu og rekstur viðeigandi forrita).
- ▶ Hvað varðar tæknilega dreifingu á OTA-uppfærslum fyrir ökutækiskerfið og til að tryggja tæknilega ferla sem tengjast gagnagreiningu í tengslum við endurbætur og þróun á vörum, er gagnavinnsluaðili Hyundai Motor Company, 12, Heolleung-ro, Seocho-gu, Seoul, Suður-Kóreu.
- ▶ Við notumst við gagnavinnsluaðila fyrir þjónustu þjónustuvera.
- ▶ Ofangreindir gagnavinnsluaðilar kunna einnig að nota undirvinnsluaðila til að veita viðkomandi þjónustu.
- [Opinber yfirvöld, dómistólar, utanaðkomandi ráðgjafar og samsvarandi þriðju aðilar sem eru opinberir aðilar](#) eins og farið er fram á eða leyft í gildandi lögum.

## 7. Eru gögnin flutt úr landi?

Við flytjum gögnin þín utan ESB/EES til Hyundai aðila sem staðsettir eru í Suður-Kóreu í þeim tilgangi sem tilgreindur er í hluta 6.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur komist að þeirri niðurstöðu að Kórea og Bretland séu meðal þeirra lögsagnarumdæma sem veita fullnægjandi vernd persónuupplýsinga.

Ákveðnir aðrir viðtakendur persónuupplýsinga þinna eru staðsettir eða kunna að hafa viðkomandi rekstur utan þíns lands og Evrópusambandsins/Evrópska efnahagssvæðisins, svo sem í Bandaríkjunum (t.d. undirvinnsluaðilar Cerence), þar sem gagnaverndarlög kunna að veita annars konar vörn í samanburði við löggjöf í þínu lögsagnarumdæmi og þar sem ekki er að finna samsvarandi umsagnaraðila og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Við gagnaflutning til slíkra viðtakenda utan Evrópusambandsins/Evrópska efnahagssvæðisins grípum við til viðeigandi öryggisráðstafana, og þá sérstaklega, með gagnaflutningssamningum frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem innihalda stöðluð ákvæði við viðtakendur eða með því að grípa til annarra ráðstafana til að veita viðeigandi gagnavernd.

Afrit af þeim ráðstöfunum sem við höfum gripið til er hægt að fá hjá gagnaverndarfulltrúa Hyundai (sjá hluta [3.2](#) hér að ofan).

## 8. Hve lengi verða persónuupplýsingarnar varðveittar?

- 8.1. Persónuupplýsingar þínar eru geymdar hjá Hyundai og/eða þjónustuveitendum okkar, eingöngu upp að því marki sem nauðsynlegt er fyrir framkvæmd skyldna okkar og eingöngu í þann tíma sem nauðsynlegur er til að uppfylla þann tilgang sem persónuupplýsingar eru geymdar í, í samræmi við gildandi gagnaverndarlög. Persónuupplýsingar þínar eru ekki undir neinum kringumstæðum geymdar eftir að reikningi þínum er lokað.

Þegar Hyundai þarf ekki lengur að vinna persónuupplýsingarnar þínar munum við eyða þeim úr kerfum okkar og/eða skrám og/eða grípa til aðgerða til að gera þær ópersónugreinanlegar (nema okkur sé skylt að geyma upplýsingarnar þínar til að uppfylla lagalegar skyldur eða reglugerðir sem gilda um Hyundai; t.d. geta persónuupplýsingar í samningum, samskiptum og viðskiptabréfum fallið undir lögbundna geymsluskyldu, sem getur verið geymsla í allt að 10 ár).

- 8.2. Tiltekin geymslutímabil gilda fyrir eftirfarandi atriði:
- Raddstýring: Raddsýnishorn og GPS-hnit (sjá hluta [4.3.2](#) hér að ofan) eru geymd í allt að 90 daga
  - Hyundai Live: Landfræðileg gögn (GPS-hnit) og þjónustukenni (sjá hluta [4.3.1](#) hér að ofan) eru geymd í allt að 93 daga.
  - Mínar ferðir: Upplýsingarnar um notkun bíls sem finna má í Mínar ferðir eru tiltækjar í allt að 90 daga.
- 8.3. Afvirkjun þjónustunnar: Þú getur kveikt/slökkt á ákveðinni þjónustu í valmynd appsins undir „þjónustulist“.
- 8.4. Lokun reiknings: Ef þú velur að loka reikningum þínum (t.d. með því að stilla viðkomandi val í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins eða í valmynd forritsins undir „Reikningur“) verður öllum persónuupplýsingum sem tengjast reikningum þínum eytt nema varðveisltímabil gildi (sjá hluta [8.1](#) hér að ofan).
9. **Hvaða réttindi hef ég og hvernig get ég nýtt þau?**
- Ef þú hefur veitt samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga geturðu afturkallað samþykki þitt hvenær sem er og gildir það frá þeim tíma sem það er afturkallað. Slík afturköllun hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslunnar fram að afturköllun þinni. Dreifingaraðilinn skal vera tengiliður fyrir allar beiðnir skráðra einstaklinga um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við þessa persónuverndartilkynningu og viðauka hennar.
- Hins vegar hefur þú rétt á að nýta réttindi þín samkvæmt GDPR og landslögum um gagnavernd með tilliti til og gegn hverjum ábyrgðaraðila.
- Þú hefur eftirfarandi réttindi hvað varðar vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt gildandi lögum um gagnavernd.
- Athugaðu að þessi réttindi kunna að vera takmörkuð samkvæmt gildandi landslögum um gagnavernd.
- 9.1. Réttur til aðgangs: Þú hefur rétt til að fá staðfestingu á því frá okkur hvort verið sé að vinna persónuupplýsingar er varða þig og, ef svo er, rétt til að biðja um aðgang að persónuupplýsingunum.
- Aðgangur að upplýsingum felur í sér – meðal annars – tilgang vinnslunnar, flokka persónuupplýsinganna þinna og viðtakendur eða flokka viðtakenda persónuupplýsinganna.
- Þetta er hins vegar ekki ófrávíkjanlegur réttur og hagsmunir annarra einstaklinga kunna að takmarka rétt þinn til aðgangs.
- Þú hefur einnig rétt á að fá afrit af persónuupplýsingunum um þig sem eru í vinnslu. Okkur er heimilt að innheimta sanngjarnit gjald, byggt á umsýslukostnaði, farir þú fram á fleiri eintök.
- 9.2. Réttur til leiðréttингar: Þú átt rétt á að fá óáreiðanlegar persónuupplýsingar er varða þig leiðréttar af okkur.
- Með hliðsjón af tilganginum með vinnslunni átt þú rétt á að láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar, þ.m.t. með því að leggja fram yfirlýsingum til viðbótar.
- 9.3. Réttur til eyðingar („réttur til að gleymast“): Við tilteknar aðstæður hefur þú rétt á að við eyðum persónuupplýsingum sem varða þig og okkur kann að vera skyld að eyða persónuupplýsingum þínum.

- 9.4. Réttur til takmörkunar á vinnslu: Í tilteknum tilvikum átt þú rétt á að við takmörkum vinnslu persónuupplýsinga þinna. Í þessu tilviki verða viðkomandi gögn merkt og við megum aðeins vinna úr þeim í tilteknum tilgangi.
- 9.5. Réttur til að flytja eigin gögn: Við tilteknar aðstæður kannt þú að hafa rétt til að fá sendar persónuupplýsingar um þig, sem þú hefur sent okkur, á skipulegu, algengu, tölvulesanlegu sniði og þú átt rétt á að senda þessar upplýsingar, eða láta okkur senda þær beint, til annars aðila, án hindrana af okkar hálfu.
- 9.6. Andmælaréttur: Við ákveðnar kringumstæður og á grundvelli aðstæðna þinna hefur þú rétt á að mótmæla úrvinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum og hægt er að fara fram á að við hættum úrvinnslu persónuupplýsinga þinna.  
Ef persónuupplýsingar þínar eru unnar í þágu beinnar markaðssetningar, átt þú hvenær sem er rétt á að andmæla vinnslu persónuupplýsinga sem varða þig vegna slíkrar markaðssetningar, þ.m.t. gerð persónusniðs að því marki sem það tengist slíkri beinni markaðssetningu. Í þessu tilviki verða persónuupplýsingar þínar ekki lengur unnar af okkur í þessum tilgangi. [ Réttur til að gera ráðstafanir varðandi geymslu og miðlun gagna eftir andlát manns: Þú hefur rétt til að gera sérstakar ráðstafanir varðandi geymslu og miðlun persónuupplýsinga þinna eftir andlát þitt og við munum fylgja þeim ráðstöfunum. Þú getur einnig gert almennar ráðstafanir með þriðja aðila, sem mun láta okkur vita um fyrirmæli þín innan hæfilegs tíma. ]
- 9.7. Réttur til að leggja fram kvörtun: Þú hefur einnig rétt til að leggja fram kvörtun hjá lögbæru eftirlitsyfivaldi með gagnavernd, til dæmis í upprunalandi þínu.
10. **Er mér skyld að veita upplýsingar?**  
Þér ber engin lög- eða samningsbundin skylda til að veita okkur persónuupplýsingar. Það er heldur ekki nauðsynlegt að veita persónuupplýsingar til að gera samning. Ef þú veitir ekki persónuupplýsingar er þó mögulegt að þú hafir takmörkuð not af þjónustu okkar.
11. **Get ég slökkt á nettengdri stillingu (stilling án nettengingar; slökkt á móttaldi)?**  
Þú getur valið að slökkva á nettengdri stillingu með því að stilla viðkomandi val. Ef slökkt er á nettengdri stillingu (stilling án nettengingar) eru allar aðgerðir í Bluelink gerðar óvirkar og engum persónuupplýsingum, og einkum engum gögnum um landfræðilega staðsetningu (GPS-hnitum), er safnað fyrir Bluelink og táknað fyrir stillingu án nettengingar birtist efst á skjá upplýsinga- og afþreyingarkerfisins í bílnum.
12. **Hvernig er hægt að breyta þessari persónuverndaryfirlýsingu?**  
Í framtíðinni kunnum við öðru hvoru að breyta og/eða bæta við þessa persónuverndaryfirlýsingu.  
Slíkar breytingar og/eða viðbætur geta verið nauðsynlegar, einkum vegna innleiðingar nýrrar tækni eða nýrrar þjónustu.  
Við birtum breytingarnar á vefsþæðum okkar og/eða í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins og í forritinu.
13. **Viðauki: Sameiginleg gagnavinnslustýring með Hyundai Motor Company**  
Tilgangur þessa Viðauka er að upplýsa þig um söfnun og vinnslu persónuupplýsinga þinna í tengslum við veitingu tiltekinnar þjónustu þar sem kann að vera að við störfum

sem sem við gætum starfað sem sameiginlegur ábyrgðaraðili með fyrirtækjum sem við eignum í eignatengslum við.

Að því marki sem engar sértaðar upplýsingar eru veittar í gegnum þennan Viðauka, skulu almennu upplýsingarnar og reglur persónuverndartilkynningarinnar einnig gilda um þennan Viðauka.

### **Hver ber ábyrgð á vinnslu minna gagna?**

Við munum starfa sem sameiginlegur ábyrgðaraðili gagna ásamt Hyundai Motor Company sem er skráð til skrifstofu á 12 Heolleung-ro, Seocho-gu, Seoul, Suður-Kóreu í eftirfarandi skyni:

- Til að tryggja viðeigandi netöryggisstaðla fyrir ökutæki okkar og vörur Þegar þú hefur virkjað þjónustuna munum við stjórna og fylgjast með viðeigandi netöryggisstöðum ökutækja okkar og vara.

Við munum bera ábyrgð eins og fram kemur í hluta [2](#) í persónuverndartilkynningunni og munu safna og senda gögnin þín til Hyundai Motor Company.

Hyundai Motor Company mun fylgjast með viðeigandi netöryggisstöðum ökutækja okkar og vara á rekstrar- og tæknistigi og nota persónuupplýsingar þínar í þeim tilgangi sem lýst er hér að neðan.

### **Hvernig get ég haft samband við ábyrgðaraðila gagna og gagnavörslufulltrúa?**

Ef þú ert með einhverjar spurningar um eða í tengslum við þennan Viðauka eða hvernig þú getur neytt réttinda þinna þá getur þú haft samband við samband við dreifingaraðilann eða Hyundai með samskiptaupplýsingunum sem tilgreindar eru í [3](#). grein persónuverndartilkynningarinnar.

Að öðrum kosti getur þú haft samband við Hyundai sem fulltrúa Hyundai Motor Company í samræmi við 27. grein GDPR:

Netfang: dataprotection@hyundai-europe.com

Póstfang: Hyundai Motor Europe GmbH

Persónuverndarfulltrúi Hyundai Motor Company

Kaiserleipromenade 5, 63067 Offenbach, Þýskalandi

### **Hvaða flokkar persónuupplýsinga eru unnar, í hvaða tilgangi og á hvaða lagagrundvelli?**

Það fer eftir tækjabúnaði ökutækis þíns en við söfnum og vinnum úr gögnum í tengslum við öryggisatvik fyrir ökutæki þitt til að tryggja viðeigandi netöryggisstaðla ökutækja okkar og vara.

Fyrir þessa aðgerð er unnið úr eftirfarandi flokkum persónuupplýsinga:

Verksmiðjunúmer ökutækis (VIN) og gögn í tengslum við öryggisatvik (svo sem tímastimpill öryggisatviksins sem kom upp og upplýsingar frá og um íhlutinn/stjórneininguna sem fangaði og greindi öryggisatvikið).

Gögnunum verður safnað og þau vistuð í ökutækinu þínu.

Ef óeðlilegt merki greinist verða gögnin send til kerfa okkar til frekari greiningar.

Það er enginn samfelldur flutningur á slíkum gögnum frá ökutækinu.

Þegar gögn hafa verið send í kerfi okkar, vinnum við og greinum gögnin frekar til að koma í veg fyrir netöryggisógnir og veikleika í kerfinu, bregðast við slíkum ógnum og veikleikumog útrýma þeim til að fyrirbyggja hugsanlegar netöryggisárasir, auk þess að tryggja viðeigandi öryggi okkar ökutækja og vara.

Að því marki sem slík vinnsla telst ekki nauðsynleg til að uppfylla lagalegar netöryggisskyldur okkar (b-liður 1. mgr. 6.gr GDPR), er lagagrundvöllur vinnslu gagna

þinna í þessum tilgangi lögmætir hagsmunir Hyundai af eftirlit með ökutækjum okkar í því skyni að tryggja og bæta öryggi vara okkar (b-liður 1. mgr. 6.gr GDPR).

### **Með hverjum deilum við þessum gögnum?**

Allur aðgangur að persónuupplýsingum þínum takmarkast við þá einstaklinga sem þurfa að hafa aðgang að þeim upplýsingum til að geta sinnt starfsskyldum sínum. Persónuupplýsingar þínar kunna að vera fluttar til viðtakenda og flokka viðtakenda sem taldir eru upp hér að neðan í viðkomandi tilgangi; þessir viðtakendur geta í kjölfarið unnið úr þeim í tilgreindum tilgangi:

- Gagnavinnsluaðilar - Við sendum persónuupplýsingar þínar til ákveðinna þriðju aðila, hvort sem þeir eru hlutdeildaraðilar eða ekki, sem vinna úr gögnum þínum fyrir hönd ábyrgðaraðila gagna samkvæmt viðeigandi leiðbeiningum eftir þörfum í viðkomandi vinnslutilgangi. Gagnavinnslan verður háð samningsbundnum skyldum um að innleiða viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að standa vörð um persónuupplýsingarnar og vinna persónuupplýsingar þínar eingöngu samkvæmt leiðbeiningum.
- Gagnavinnsluaðili Bluelink er Hyundai AutoEver Europe GmbH, Kaiserleistraße 8A, 63067 Offenbach am Main, Þýskalandi.
- Gagnavinnsluaðili sem veitir tæknilega aðstoð og viðhald upplýsingataeknikerfa með tilliti til þess að tryggja viðeigandi netöryggisstaðla er Hyundai AutoEver Corp., 417 Yeongdong-daero Gangnam-gu Seoul, 06182, Suður-Kóreu.

### **Eru gögnin mín flutt erlendis?**

Hyundai Motor Company er staðsett og hefur viðeigandi starfsemi utan lands þíns og ESB/EES, í Suður-Kóreu.

Að því er varðar vinnslu gagna þinna eins og lýst er í þessum Viðauka verða gögnin þín flutt til Suður-Kóreu.

Í Suður-Kóreu er gagnaverndarlöggjöf sem tryggir sama verndarstig og lög í lögsögu þinna og hefur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins úrskurðað að hún hæfi.

### **Hversu lengi verða gögnin mín geymd?**

Til viðbótar við [8.](#) grein persónuverndartilkynningarinnar þá er um að ræða sérstök geymslutímabil:

- Ökutækið þitt mun vista með reglulegu millibili síðustu 100 öryggisatvikin. Ef um nýtt öryggisatvik er að ræða, verður elsta öryggisatvikinu og tengdum gögnum eytt.

14.

### **Viðauki: Listi yfir viðurkennda dreifingaraðila Hyundai**

#### **Austurríki**

Hyundai Import Gesellschaft m.b.H.

Richard Strauss Straße 14

1230 Vienna

Austurríki

Skráningarnúmer: 47654f

datenschutz@hyundai.at

#### **Belgía**

NV Korean Motor Company SA

Pierstraat 229

2550 Kontich

Belgíu

Skráningarnúmer: BE0404273333

privacy@hyundai.be

**Bosnía og Hersegóvina**

Hyundai-Auto BH d.o.o.

Verjendur Šip 4C

71000 Sarajevo

Bosnía og Hersegóvina

Skráningarnúmer: 65-01-0799-09

**Búlgaria**

Industrial Commerce Ltd

1797 Sofia

260 Ring Road

Búlgaríu

Skráningarnúmer: 204502867

m.kamenova@hyundaibg.bg

**Króatía**

Hyundai Hrvatska d.o.o.

Ljubljanska avenija 4C

10090 Jankomir

Grad Zagreb

Króatíu

Skráningarnúmer: HRSR.080961241

dubravka.posinovec@hyundai.hr

**Kýpur**

CTC Automotive Ltd

Shacolas Emporium Park-Annex 4, 4 Verginas Street

2030 Nicosia

Kýpur

Skráningarnúmer: HE145360

bluelink@ctcautomotive.com.cy

**Tékkland**

Hyundai Motor Czech s.r.o.

Siemensova 2717/4

155 00 Praha 5

Tékklandi

Skráningarnúmer: 28399757

info@hyundai.cz

**Danmörk**

Hyundai Bil Import A/S

Korsvej 1

6000 Kolding

Danmörku

Skráningarnúmer: 14790993

GDPR@nc.dk

**Finnland**

Hyundai Motor Finland OY

Kellokukantie 2

01300 Vantaa  
Finnlandi  
Skráningarnúmer: FI16337337  
[tietosuoja@hyundai.fi](mailto:tietosuoja@hyundai.fi)

**Frakkland**  
Hyundai Motor France  
Tour Nova - 71 Boulevard National  
92250 La Garenne-Colombes  
Frakklandi  
Skráningarnúmer: 411 394 893  
[contact-donnees@hyundai.fr](mailto:contact-donnees@hyundai.fr)

**Pýskaland**  
Hyundai Motor Deutschland GmbH  
Kaiserleipromenade 5  
63067 Offenbach  
Pýskalandi  
Skráningarnúmer: HRB 47293  
[datenschutz@hyundai.de](mailto:datenschutz@hyundai.de)

**Grikkland**  
Hyundai Hellas S.A.  
31, Viltanioti Street  
14564 Kifissia  
Grikklandi  
Skráningarnúmer: 659601000  
[gdpr@hyundai.com.gr](mailto:gdpr@hyundai.com.gr)

**Ungverjalandi**  
Hyundai Holding Hungary Kft  
Cziffra György út 15  
1182 Budapest  
Ungverjalandi  
Skráningarnúmer: 01-09-881438  
[info@hyundai.hu](mailto:info@hyundai.hu)

**Ísland**  
BL ehf  
Kauptúni 1  
210 Garðabæ  
Íslandi  
Skráningarnúmer: 630211-0500  
[gudrunh@hyundai.is](mailto:gudrunh@hyundai.is)

**Írland**  
Hyundai Cars Ireland Limited  
JFK Drive, Naas Road  
Dublin, 12  
Írlandi  
Skráningarnúmer: 211878  
[Darren.Byrne@hyundai.ie](mailto:Darren.Byrne@hyundai.ie)

**Ítalía**  
Hyundai Motor Company Italy S.r.l.

Via Giovanni Bensi 11  
20152, Milano  
Ítalíu  
Skráningarnúmer: 6313170968  
[DPO@hyundai.it](mailto:DPO@hyundai.it)

**Malta**

Meridian Enterprises Co. Ltd.  
Pater House  
168 Psaila Street  
Birkirkara BKR 9077  
Möltu  
Skráningarnúmer: C3988  
[johan.micallef@meridian.com.mt](mailto:johan.micallef@meridian.com.mt)

**Moldóva**

Pacific Motors SRL  
Chisinau str. Calea Mosilor 5/1  
Moldóvu  
Skráningarnúmer: 1014600041393

**Holland**

Hyundai Motor Netherlands b.v.  
Hub van Doorneweg 14  
2171 KZ Sassenheim  
Hollandi  
Skráningarnúmer: 61506230  
[legal@hyundai-motor.nl](mailto:legal@hyundai-motor.nl)

**Noregur**

Hyundai Motor Norway AS  
Alf Bjerckes vei 8  
0582 Oslo  
Noregur  
Skráningarnúmer: 914 315 816  
[kundeservice@hyundai.no](mailto:kundeservice@hyundai.no)

**Pólland**

Hyundai Motor Poland Sp. Z o.o.  
ul. Woloska 24  
02-675 Warszawa  
Póllandi  
Skráningarnúmer: 0000067315  
[hyundai.dpo@wlaw.pl](mailto:hyundai.dpo@wlaw.pl)

**Portugal**

Hyundai Portugal, S.A.  
Rua do Campo Alegre  
1306-B Porto  
Portugal  
Skráningarnúmer: 500820384  
[privacidade@hyundai.pt](mailto:privacidade@hyundai.pt)

**Rúmenía**

Hyundai Auto Romania

Bd. Expozitiei, nr. 2, showroom Hyundai  
etaj 1, sector 1, Bucuresti

Rúmeníu

Skráningarnúmer: J40/15805/1994  
[daniela.avram@tiriacauto.ro](mailto:daniela.avram@tiriacauto.ro)

### **Serbía**

Hyundai Srbija d.o.o. Beograd  
Milutina Milankovića 7V  
11070 Novi Beograd  
Serbíu  
Skráningarnúmer: 21114804

### **Slóvakía**

Hyundai Motor Czech s.r.o., organizačná zložka Slovaki  
Galvaniho 17/A  
821 04 Bratislava  
Slóvakíska líðveldið  
Skráningarnúmer: 1610/B  
[dpo@hyundai.sk](mailto:dpo@hyundai.sk)

### **Slóvenía**

Hyundai Avto Trade d.o.o. Ljubljana  
Brnčičeva 45  
1231 Ljubljana - Črnuče  
Slóveníu  
Skráningarnúmer: 5526485  
[gdpr@hyundai.si](mailto:gdpr@hyundai.si)

### **Spánn**

Hyundai Motor España S.L.U.  
Calle Quintanapalla 2  
28050 Madrid  
Spáni  
Skráningarnúmer: B85754646  
[DPO@hyundai.es](mailto:DPO@hyundai.es)

### **Svíþjóð**

Hyundai Danmark A/S / Hyundai Bilar Import AB  
Hyllie Stationsväg 42  
215 32 Malmö  
Svíþjóð  
[GDPR@nc.dk](mailto:GDPR@nc.dk)

### **Sviss**

ASTARA MOBILITY SWITZERLAND AG  
Brandbachstrasse 6  
CH-8305 Dietlikon  
Sviss  
Skráningarnúmer: CHE-262.166.165  
[dataprotection@hyundai.ch](mailto:dataprotection@hyundai.ch)

### **Bretland**

Hyundai Motor UK Limited  
Ground Floor Birchwood Building Springfield Drive

Leatherhead Surrey KT22 7LP

Bretlandi

Skráningarnúmer: 05446560

dpo@hyundai.co.uk

**Úkraína**

Hyundai Motor Ukraine LLC

1A Novokonstantynivska Str.,

04080 Kyiv

Úkraínu

Skráningarnúmer: 33261252